



Bygðasafn
Hafnarfjarðar

Alþingi
Erindi nr. P 126/957
komudagur 16. 1. 2001

Hafnarfjörður 12. 01. 2001

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri
v/Templarasund
150 Reykjavík

Athugasemdir við lagafrumvörp.

1. Frumvarp til laga um húsfriðun

Ég undirritaður geri tvær athugasemdir við frumvarpið.

Í fyrsta lagi við 2. grein þar sem skipað er í húsfriðunarnefnd. Að mínu mati ætti Félag Íslenskra Safnamanna að eiga þar fulltrúa.

Í öðru lagi við 3. og 6. grein. Að mínu mati ætti að koma þar inn með hlutverk byggðasafnanna. Í þeim bæjarfélögum sem hafa stór og öflug byggðasöfn/minjasöfn er nauðsynlegt að leitað sé álits forstöðumanns viðkomandi byggðasafns, enda er hann sá maður er gegnir forstöðu þeirri stofnun er vinnur að rannsókn á menningarsögu svæðisins.

X 2. Frumvarp til safnalaga

Ég undirritaður geri þrjár athugasemdir við frumvarpið.

Í fyrsta lagi er dottinn út hluti af 13. grein gömlu laganna sem hljóðaði eftirfarandi: „Laun forstöðumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaráði, skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði.“ Að mínu mati er þetta nauðsynlegt atriði sem ekki ætti að taka út úr lögnum. 10. grein frumvarpsins kemur ekki hér í staðinn.

Í öðru lagi segir í 6. grein að höfuðsöfn megi ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Að mínu mati ætti þetta einnig að gilda um öll byggða- og minjasöfn.

Í þriðja lagi er að mínu mati nauðsynlegt að í 10. greininni, þar sem söfn eru skilgreind, sé tekið fram að þau mega ekki vera fjárhagslega arðbær eða „non-profitable institution“ samanber erlenda skilgreiningu á orðinu museum.

3. Frumvarp til þjóðminjalaga

Ég undirritaður geri þrjár athugasemdir við frumvarpið.

Í fyrsta lagi segir í 3. grein þess að þá eina megi ráða í embætti þjóðminjavarðar sem hafa sérfræðimenntun í fornleifafræði. Þarna er um greinileg mistök að ræða enda gengið framhjá mörgum öðrum fögum minjavörslunnar sem ekki er rökrétt. Þessi fög eru til dæmis safnafræði, mannfræði, þjóðháttufræði, arkitektúr, sagnafræði o.s.frv. Vel menntað fólk úr þessum fögum er ekki síður hæft í umrætt starf



Byggðasafn
Hafnarfjarðar

en fornleifafræðingar. Starf þjóðminjavarðar snýr að stórum hluta að sögu og háttum íslensku þjóðarinnar í gegnum aldirnar og þarf hann að þekkja til í safnafræðum, söfnun, almennri minjavörslu, sýningahaldi, gömlum húsum og viðgerð þeirra, almennu mati á varðveislugildi o.s.frv. Það er því að mínu mati mjög órökrétt að einungis fornleifafræðingar geti sinnt því starfi.

Í öðru lagi er gerð krafa í 8. grein um að minjaverðir séu menntaðir fornleifafræðingar eða séu með menntun í menningarsögu. Að mínu mati þurfa þeir ekki að vera fornleifafræðingar (sjá rök hér að ofan) og það vantar skilgreiningu á hvað menningarsaga er.

Í þriðja lagi geri ég sömu athugasemd við þetta frumvarp og í öðrum lið athugasemda minna við frumvarpi laga um húsafriðun. Það vantar tenginguna við byggðasöfnin. Í 11. grein tel ég rétt að forstöðumönnum viðkomandi byggðasafna sé tilkynnt um friðun eins og landeiganda og ábúanda. Í 12. grein tel ég að auk þjóðminjavarðar eigi að tilkynna forstöðumanni viðkomandi byggðasafns ef fornleifar liggja undir spjöllum. Í 13. grein tel ég að tilkynna eigi, auk þjóðminjavarðar, forstöðumanni viðkomandi byggðasafns frá fundinum og í 14. grein tel ég rétt að ásamt þjóðminjaverði sé forstöðumanni viðkomandi byggðasafns skýrt frá framkvæmdum. Þetta rökstyð ég á þann hátt að það er mjög mikilvægt minjavörslunni og bæjarfélögum að eftirlit og skráning fornleifa sé sinnt af aðila í heimabyggð sem ber hag menningar og sögu viðkomandi svæðis fyrir brjósti. Forstöðumaður byggðasafns er sá einstaklingur sem gegnir forstöðu þeirri stofnun er vinnur að rannsóknum á menningarsögu svæðisins.

Virðingarfyllst,

Björn Pétursson

Bæjarminjavörður Hafnarfjarðar